

EFTIRLITSSKÝRSLA

Múlaþing Tjarnarland



Dags eftirlits	8.8.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Múlaþing	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Lyngási 12	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660220-1350	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Aspar Stefánsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Kristján Eysteinnsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit og varðar urðun umfram heimildir. Enn er opið frávik úr eftirliti ársins 2023 og varðar dekkjarkurl. Engar ábendingar eru lagðar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Múlaþings að Tjarnarland í samræmi við 57. gr reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Urðunarstaðurinn hefur heimild til móttöku á allt að 2.500 t af úrgangi á ári, hámark 10 t á sólahring. Heimilt er að taka við úrgangi sem hefur verið meðhöndlaður og flokkast ekki sem spilliefni skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Urða má stöðug, óvirk spilliefni sem falla undir viðmið um móttöku sbr.viðauka II í reglugerð nr. 738/2003. Starfsleyfi var gefið út þann 8. júlí 2015 og er gildisstími þess til 8. júlí 2031.

Árið 2023 voru urðuð alls 2.536 t af úrgangi í Tjarnarlandi, eða um 1,44% umfram heimild í starfsleyfi. Rekstraraðili greinir frá því í ársyfirliti að þegar hafi verið gripið til aðgerða til að sporna gegn því að slíkt endurtaki sig með áherslu á bættum skráningum og eftirliti með úrgangi sem berst inn á urðunarstað og einnig með endurvinnsluvarvegi fyrir hreint timbur. Verður staðan metin við næsta eftirlit hvort þær aðgerðir beri árangur.

Af því sem nú var urðað í Tjarnarlandi, tilheyra um 17% af því blönduðum úrgangi frá heimilum í Múlaþingi. Frá gámastöðvum og fyrirtækjum tilheyra 25% af því hreinu og lituðu timbri, 2 % grófum úrgangi, 55% tilheyra blönduðum úrgangi og minna en 1% tilheyra blönduðum óskilgreindum úrgangi. Má benda á að tækifæri til samdráttar á urðuðum úrgangi í sveitarfélaginu liggja í úrgangi sem berst frá fyrirtækjum í sveitarfélaginu.

Í síðasta eftirliti komu fram þrjú frávik og voru lagðar fram þrjár ábendingar. Vörðuðu frávikin vörslu á dekkjarkurlu inn á urðunarstað, ófullnægjandi skilum á mælingum á samsetningu grunnvatns og vöntun á mælingu á sjónrænu eftirliti með fitu í yfirborðsvatni. Síðasta frávikið varðaði skil innan tilskilins tímafrests.

Hefur fráviki vegna vörslu dekkjarkurlis inn á urðunarstað verið svarað ýtarlega í sérstöku erindi frá Umhverfisstofnun sem barst rekstraraðila þann 21. október 2024. Í meginmáli er niðurstaðan sú að móttaka dekkjarkurlisins og ráðstafanir inn á urðunarstað Tjarnarlands samræmist ekki þeim skilyrðum sem urðunarstaðnum eru settar.

Ábendingar vörðuðu framsetningu skýrsluskila, bættum skráningu á úrgangstölum og umfjöllun um skyldur rekstraraðila m.t.t. hollustuhátta, mengunarvarna og mengaðan jarðveg. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila hefur sveitarfélagið nú ráðið inn sérstakan verkefnastjóra umhverfismála sem mun halda utan um þann verkefnaflokk sem m.a. starfsleyfi þetta varðar. Þann 2. febrúar barst stofnuninni úrbótaáætlun frá rekstraraðila og hefur hann brugðist við með viðeigandi hætti við ábendingum sem komu fram í síðasta eftirliti.

Hvað frávik varðar í tengslum við niðurstöður skráninga, skilaði rekstraraðili þeim upplýsingum sem uppá vantaði samhliða skilum á úrbótaáætlun. Varðandi þriðja frávikið er fjallar um skil á árskýrslu innan tilskilins tímafrests, lagði rekstraraðili til að gætt yrði að skilum á næstu skýrslum. Skilaði rekstraraðili inn niðurstöðum skráninga þann 23. apríl á þessu ári og því teljast bæði frávikin sem um ræðir hér lokið.

Engar athugasemdir eru gerðar vegna niðurstaðna úr sýnatökum. Var rekstraraðili beðinn um staðfest afrit af tryggingum í gildi sbr. gr. 2.12 í starfsleyfi og senda á eftirlitsaðila og var hann einnig beðinn um að athuga hvort þörf væri á að uppfæra viðbragðsáætlun sbr. 2.4. Vert er að benda á að Tjarnarland hefur verið undir mörkum vegna lágrar metangasmyndunar frá urðunarstað og hefur því verið undanþegið skilum á útstreymisbókhaldi sbr. gr. 5.5 í starfsleyfi. Bendir eftirlitsaðili á að samkvæmt viðauka I í starfsleyfi, skal rekstraraðili, fjórða hvert ár frá útgáfu starfsleyfis, fyrir 1 október endurskoða framlögð gögn um metanmyndun og sýna eftirlitsaðila fram á að forsendur hafi ekki breyst, telur eftirlitsaðili gott að uppfæra stöðuna m.t.t. til nýs tengiliðs og verður áhersla á að skoða þennan lið í næsta eftirliti.

Engar athugasemdir eru settar varðandi aðkomu, verklag eða ásýnd, um og umhverfis urðunarstað.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 1.2 í starfsleyfi	Heimilt er að taka á móti og urða allt að 2.500 tonn af úrgangi á ári (hámark 10 t á sólahring). Árið 2023 voru urðuð alls 2.536 t af úrgangi í Tjarnarlandi, eða um 1,44% umfram heimild í starfsleyfi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir